

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogi

Reykjavík, 23.11.2023
UST202301-270/K.K.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. október 2023 – Málning hf, Kópavogur

Þann 11. október 2023 fór fram eftirlit í Málningu hf að Dalvegi í Kópavogi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik er enn opið

Uppfæra skal áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda á a.m.k fjögurra ára fresti. Áhættumat og viðbragðsáætlun hafa verið uppfærð og verða hluti af gæðahandbók rekstraraðila. Áhættumat hefur verið gert en þörf er á að gera ýtarlegri greiningu.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu:

1. Rekstraraðila var bent á að skoða hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að uppfylla gr. 38 í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, jafnframt að reikna út hver raunveruleg rýrnun lífrænna leysa er í framleiðslunni.
2. Rekstraraðila var bent á að yfirfara þær skráningar sem ber að skrá skv. starfsleyfinu.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um skil á Grænu bókhaldi. Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst Umhverfisstofnun ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst stofnuninni þann 25. maí 2023. **Frávikinu telst því lokið.**

Virðingarfyllt

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur